

Alþingi
Erindi nr. P 136/66
komudagur 13.11.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2008
RH/SLB/062/08

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007, 51. mál.

Vísað er til bréfs, dags. 5. nóvember 2008 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Frumvarp þetta mun vera endurflutt frá síðasta þingi. Tryggingastofnun fékk þá frumvarpið til umsagnar. Umsögn stofnunarinnar dags. 14. desember 2007 á enn við en hún er svohljóðandi:


Fyrst ber að nefna að núverandi lagagrein um maka- og umönnunarbætur er vandasöm í framkvæmd. Hinar sérstöku aðstæður sem getið er í 5. gr. laganna eru skv. reglum nr. 407/2002 umönnunarbörf elli- eða örorkulífeyrisþega og tekjuleysi eða tekjutap umsækjanda (umönnunaraðila) eða lífeyrisþega. Ekki er skýrt nánar hversu alvarlegur sjúkdómur eða erfiðleikar þurfa að vera til staðar og ekki heldur hve mikil tekjuskerðing þarf að vera.

Framlagt frumvarp gerir ráð fyrir rýmkuð heimilda á þann veg að falla frá því að skilyrða aðstoð við sérstakar aðstæður, þ.e. umönnunarbörf lífeyrisþega og tekjuskerðingu. Það myndi óeitanlega opna fyrir mikla túlkun og erfiðleika við að ákveða hvenær réttur til bóta sé fyrir hendi, t.d. hversu alvarleg veikindi falli undir viðmiðin, hversu mikil tekjuskerðing hafi átt sér stað og hvort önnur viðmið eigi að koma til skoðunar.

Almennt getur falist ákveðinn hagur í að rýmka heimildir til að greiða umönnunaraðila sem er ekki með lögheimili á sama stað. Skoða yrði þá sérstaklega hvað felst í því að vera nákominn lífeyrisþega og hvernig það væri skilgreint í framkvæmd.

Erfitt er að rökstyðja nauðsyn þess að samþætta 4. og 5. gr., ef markmiðið er einungis að hækka upphæð greiðslna og rýmka heimildir. Betra væri að halda sig við núverandi 5. gr. og gera nauðsynlegar breytingar á henni. Bent er á að 4. gr. laganna er um aðstoð til foreldra barna þar sem greiðslur byggjast m.a. á útlögðum kostnaði vegna meðferðar barns og samræmist þannig ekki útfærslu á greiðslum til nákomins aðila sem annast lífeyrisþega.

Virðingarfyllst,


Sigríður Lilly Baldursdóttir
forstjóri